

## **Ákvörðun Einkaleyfastofu**

**í andmælamáli**

**nr. 5/2000**

**Vöruhappdrætti SÍBS, Reykjavík.**

**gegn**

**Leiðarljósi ehf., Seltjarnarnesi.**

### **Málsatvik:**

Þann 1. apríl 1998 lagði Leiðarljós ehf., Skerjabraut 1, 170 Seltjarnarnesi, inn umsókn um skráningu á vörumerkinu LÍFIÐ SJÁLFT (orð- og myndmerki). Umsóknin fékk númerið 595/1998. Óskað var skráningar fyrir prentað mál, ljósmyndir, ritföng, leturstafi og myndmót í flokki nr. 16.

Merkið var birt í ELS-tíðindum þann 21. september 1998.

Með bréfi, dags. 27. október 1998 andmælti Páll Arnór Pálsson, hrl., fyrir hönd Vöruhappdrættis SÍBS, skráningu merkisins. Byggjast andmælin á ruglingshættu við vörumerki andmælanda sem notað hefur slagorðið "FYRIR LÍFIÐ SJÁLFT".

Andmælin voru send umsækjanda þann 2. nóvember 1998 og fékk hann frest til 2. janúar 1999 til að koma með athugasemdir. Ekki barst greinargerð frá umsækjanda.

### **Málsástæður og lagarök**

Andmælandi telur ruglingshættu vera með merki umsækjanda LÍFIÐ SJÁLFT, og merkis síns, FYRIR LÍFIÐ SJÁLFT. Andmælandi segist hafa auglýst vöru sína og þjónustu undir heitinu í um það bil áratug. Hafi auglýsingar hans fengið verðlaun Ímark á árinu 1990 fyrir bestu auglýsingaherferð í sjónvarpi þar sem auglýst var undir orðunum "FYRIR LÍFIÐ SJÁLFT", og hafi þetta slagorð verið notað síðan í sjónvarps-, útvarps-, dagblaða- og tímaritauglýsingum. Telur andmælandi þetta slagorð hafa orðið einkennandi fyrir happdrættið og þrátt fyrir að um almenn íslensk orð sé að ræða, hafi merkið öðlast sérkenni vegna langvarandi notkunar sinnar á því.

Andmælandi bendir einnig á að á árinu 1996 hafi hann gefið út bókina LÍFIÐ SJÁLFT sem inniheldur ljósrit af handritum 145 íslenskra skálda. Hafi bók þessari verið dreift í tugþúsunda tali til viðskiptavina happdrættisins. Telur andmælandi að með útgáfu þessarar bókar og svo vegna slagorðsins FYRIR LÍFIÐ SJÁLFT sé almenningur farinn að tengja vörumerkið LÍFIÐ SJÁLFT við andmælanda og þannig hafi hann fengið ákveðna viðskiptavild út á vörumerkið.

Andmælandi telur vörumerki sitt vera vel þekkt hér á landi og að notkun annars aðila á vörumerkinu LÍFIÐ SJÁLFT geti verið skaðleg fyrir sig og geti haft í för með sér misnotkun og hættu á ruglingi. Þannig gæti fólk talið andmælanda standa á bak við útgáfustarfsemi umsækjanda, eða að andmælandi væri boðberi þeirra sjónarmiða er fram kæmu í útgáfublöðum umsækjanda.

Andmælandi bendir á að umsækjandi hafi fengið merki sitt, LÍFIÐ SJÁLFT, skráð fyrir prentað mál o.fl. í flokki nr. 16, og hafi þegar hafið útgáfu á tímariti undir þessu nafni. Ruglingshættan sé veruleg þar sem að andmælandi segir að útgáfustarfsemi sín undir nafninu LÍFIÐ SJÁLFT muni halda áfram.

Andmælin eru byggð á 6. og 7. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997.

## **Niðurstaða**

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins LÍFIÐ SJÁLFT skv. umsókn nr. 595/1998, fyrir prentað mál, ljósmyndir, ritföng, leturstafi og myndmót í flokki nr. 16. Andmælin byggjast á ruglingshættu við merki andmælanda, FYRIR LÍFIÐ SJÁLFT.

Fyrir liggur að vörumerki andmælanda hefur helst auðkennt starfsemi á sviði happadrætta en það er starfsemi sem fellur undir flokk nr. 36. Ekki er unnt að sjá að um vöru- og þjónustulíkingu sé að ræða á milli vöruflokks nr. 16 annars vegar og þjónustuflokks nr. 36 hins vegar.

Með vísan til framangreinds og til 1. tl. 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 verður því ekki talið að um ruglingshættu sé að ræða á milli vörumerkjanna skv. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. sömu laga.

Andmælandi gaf á árinu 1996 út handrita- og ljóðabók sem ber heitið LÍFIÐ SJÁLFT. Um er að ræða verk er sem nýtur verndar höfundaréttarlaga nr. 73/1972 og samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna á andmælandi höfundarétt að bók þessari.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga er meðal annars óheimilt að skrá vörumerki ef í því felst eitthvað er skilja má sem sérkennilegan titil á vernduðu bókmenntalegu verki.

Það er álit Einkaleyfastofunnar að heiti bókarinnar LÍFIÐ SJÁLFT sé sérkennilegur titill á vernduðu bókmenntaverki andmælanda og því brjóti skráning vörumerkisins LÍFIÐ SJÁLFT í bága við 5. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaganna.

Með hliðsjón af framangreindu er það ákvörðun Einkaleyfastofunnar að skráning merkisins LÍFIÐ SJÁLFT skv. umsókn nr. 595/1998 skuli felld úr gildi.

### **Ákvörðunarorð.**

Skráning merkisins LÍFIÐ SJÁLFT skv. umsókn nr. 595/1998 skal felld úr gildi.

Reykjavík 10. mars 2000

---

Ragnheiður M. Ólafsdóttir, lögfr.